

Aðalfundur Klakka ehf.

20. ágúst 2014

Tillögur félagsstjórnar Klakka ehf. til aðalfundar félagsins þann 20. ágúst 2014.

Dagskrárliður 2: Staðfesting á ársreikningi fyrir árið 2013 og tillaga félagsstjórnar um ráðstöfun hagnaðar fyrir síðastliðið reikningsár.

Aðalfundur Klakka ehf., haldinn 20. ágúst 2014, samþykkir að hagnaður reikningsársins 2013, kr. 8.470.219.342, verði færður yfir eigið fé og að ekki verði greiddur arður til hluthafa.

Dagskrárliður 4: Tillaga félagsstjórnar um endurskoðunarfélag.

Lagt er til að Deloitte hf., Smáratorgi 3, Kópavogi, verði endurkjörið endurskoðunarfélag Klakka ehf. fyrir árið 2014.

Dagskrárliður 5: Tillaga um þóknun til stjórnarmanna.

Aðalfundur Klakka ehf., haldinn 20. ágúst 2014, samþykkir að stjórnarlaun verði sem hér segir: Stjórnarformaður 300.000 krónur á mánuði en aðrir stjórnarmenn 150.000 krónur á mánuði. Varamenn fái greiddar 100.000 kr. fyrir hvern fund er þeir sækja. Stjórnarmenn skulu auk þess fá fasta þóknun, 100.000 kr., fyrir hvern fund sem þeir sækja, umfram einn reglulegan stjórnarfund í mánuði, og fyrir hvern fund sem þeir sækja í undirnefndum stjórnar. Ekki skal þó greitt fyrir fleiri en þrjá slíka aukafundi í hverjum mánuði.

Dagskrárliður 6: Tillaga félagsstjórnar um samþykkt starfskjarastefnu.

„Starfskjarastefna Klakka ehf.

1. gr. Markmið

Markmið starfskjarastefnu Klakka er að bjóða starfsmönnum og stjórnarmönnum samkeppnishæf laun fyrir störf sín. Taka skal tillit til stöðu, álags, ábyrgðar og framtíðarmöguleika þegar umbun starfsmanna er ákveðin.

2. gr. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 54. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Gerir stjórnin tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár.

3. gr. Starfskjör forstjóra

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við forstjóra. Að öðru leyti skulu markmið skv. 1. gr. höfð að leiðarljósi við ákvörðun starfskjara forstjóra og umbunar í skilningi 1.-6. tl. 1. mgr. 54. gr. a laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Við gerð ráðningarsamnings við forstjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

4. gr. Umbun til stjórnenda

Forstjóri félagsins gerir tillögu til stjórnar um starfskjör starfsmanna og annarra stjórnenda Klakka ehf. Markmið skv. 1. gr. skulu höfð að leiðarljósi við ákvörðun starfskjara stjórnenda og umbunar í skilningi 1.-6. tl. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

5. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og önnur mál

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir félagið. Stjórn félagsins skal færa til bókar í fundargerðarbók veigamikil frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins."